

AKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 172/2018

2021/EES/13/50

frá 6. júlí 2018

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að halda áfram samstarfi þeirra sem eiga aðild að EES-samningnum þannig að það taki til aðgerða á vegum Sambandsins, sem eru fjármagnaðar með fjármunum úr almennum sjóðum Evrópusambandsins, að því er varðar félagarétt.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2018.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Í 13. mgr. 7. gr. í bókun 31 komi orðin „, 2017 og 2018“ í stað orðanna „og 2017“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2018.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.